



LÖG ÍSÍ UM LYFJAMÁL

Inngangur

Formáli

24. apríl 2004 samþykkti Íþróttá og Ólympíusamband Íslands Alþjóðalyfjareglurnar. Þessar lyfjareglur eru samþykktar og framkvæmdar í samræmi við ábyrgðarsvið Lyfjaeftirlits ÍSÍ samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum og eru til að styrkja þá viðleitni Lyfjaeftirlitsins að útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum á Íslandi. Lyfjareglurnar, líkt og keppnisreglur, eru íþróttareglur sem ráða skilmálum íþróttaiðkunar. Íþróttafólk, aðstoðarfólk íþróttamanna og aðrir aðilar samþykkja þessar reglur sem skilyrði fyrir þátttöku og eru bundin af þeim. Þessar sértæku íþróttareglur og verklagsreglur eiga að efla reglur gegn lyfjamisnotkun í íþróttum á alþjóðlegan og samræmdan hátt og eru afgerandi í eðli sínu og því ekki ætlað að vera háðar eða takmarkaðar af landsreglum og lagaviðmiðum sem gilda um málarekstur eða ráðningar. Við skoðun gagna og laga í tilteknu máli, skulu dómstólar, gerðadómar og aðrir úrskurðaraðilar hafa í huga og virða eðli lyfjareglanna í reglunum og þá staðreynd að þessar reglur tákna einhug hagsmunaaðila um allan heim sem hafa heiðarleika og heilsu í íþróttum að leiðarljósi.

Grunnforsendur fyrir Alþjóðalyfjareglunum og Lögum ÍSÍ um lyfjamál

Grundvöllur baráttunnar gegn lyfjamisnotkun í íþróttum er að leitast við að vernda hin sjálftryggu gildi íþróttanna. Oft er talað um þessi gildi sem "íþróttandann"; sem kjarna Olympíuhugsjónarinnar; hinn sanna keppnisanda. Andí íþróttarinnar er hylling mannsandans, líkama og sálar og einkennist af eftirtöldum gildum:

Siðferði, drengskapur og heiðarleiki.

Heilbrigði

Afburðaárangur

Skapgerð og menntun

Gleði og ánægja

Samvinna

Ástundun og skuldbinding

Virðing fyrir lögum og reglum

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum

Hugrekki

Samkennd og samstaða.

Lyfjamisnotkun stríðir alfarið gegn anda íþróttanna

Lyfjaeftirlit ÍSÍ

Lyfjaeftirlit ÍSÍ er hluti af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Markmið þess er að hafa umsjón með baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum á Íslandi og hefur Lyfjaeftirlitið vald og ábyrgð á eftirfarandi:

- **Skipulag, samræming, framkvæmd, eftirlit og kynning á bættu lyfjaeftirliti;**
- **Samvinna með öðrum landssamböndum, stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum;**
- **Hvatning til gagnkvæmra lyfjaprófa lyfjaeftirlita;**
- **Kynning á rannsóknum á lyfjamisnotkun;**
- **Ef um fjárstyrki er að ræða, halda eftir hluta fjárstyrks eða öllum meðan á keppnisbanni stendur hjá íþróttamanni eða aðstoðarfólki íþróttamanns sem hefur brotið lyfjareglurnar í samráði við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands;**
- **Rannsaka eftir föngum öll möguleg brot á lyfjareglunum innan síns umdæmis, þar á meðal að rannsaka hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir aðilar kunni að tengjast hverju tilfalli;**
- **Skipuleggja, framkvæma og fylgjast með upplýsingum um lyfjamisnotkun og fræðsluefni.**

Gildissvið

Þessar lyfjareglur gilda fyrir Lyfjaeftirlit ÍSÍ, öll íslensk sérsambönd og alla iðkendur í starfi landssambanda með skírskotun til aðildar iðkanda, viðurkenningar eða þátttöku í landssamböndum eða starfsemi þeirra eða mótum.

Einstaklingar sem eru ekki meðlimir landssambands á Íslandi og uppfylla kröfur um að vera í prófunarhóp lyfjaeftirlitsins, verða að gerast meðlimir landssambands viðkomandi og vera tiltækir til prófunar í minnst tólf (12) mánuði fyrir þátttöku í alþjóðamótum eða mótum á vegum landssambands.

Þessar lyfjareglur skulu gilda um öll lyfjapróf undir lögsögu Lyfjaeftirlits ÍSÍ.